Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs

Kópavogi, 22. ágúst 2022
2008519/511.10 BÓK

Efni: Nýtt húsnæði HSSK við Tónahvarf 8

Ferill máls:
Í mars 2021 skipaði bæjarstjórn Kópavogs starfshóp um húsnæðismál HSSK. Starfshópurinn skilaði niðurstöðu 27. janúar 2022 og þar voru 2 valkostir skilgreindir, annarsvegar að byggja húsnæði á lóðinni Tónahvarf 8 og hinsvegar kaupa nýbyggingu á lóðinni Turnahvarfi 2. Síðari valkosturinn var talinn hagkvæmari, að kaupa nýbyggingu á Turnahvarfi 2.
Á fundi bæjarstjórnar dags. 8. mars 2022 var samþykkt að ganga til samninga við HSSK og viku síðar fundaði bæjarstjóri með fulltrúum HSSK þar sem var sammælst um að ná samningum við eiganda Turnahvarfs 2.
Þann 2. maí var sviðsstjóri umhverfissviðs upplýst um að ekki hafi náðst að semja við lóðarhafa Turnahvarfs 2.
Þann 14. júní berst bæjarráði erindi frá HSSK þar sem óskað er eftir að fá úthlutað lóðinni Tónahvarf 8 þar sem samningar um Turnahvarf 2 voru ekki lengur inni í myndinni.
Óskað er eftir að Kópavogsbær leggi til sömu upphæð í verkefnið og áður var um samið (790.000.000 ISK) að frádregnu virði lóðarinnar sem er, miðað við byggingarvísitölu í júlí 2022, 93.410.776. Þessi upphæð miðar við 70% af leyfðu byggingarmagni eða 1876 m². Leyfilegt heildarbyggingarmagn á lóðinni eru 2680 m² og því má með réttu segja að lóðin sé um 100.000.000 kr. virði.

Umhverfissvið telur að samþykkja eigi beiðni HSSK og útbúa samning þar sem fram kemur greiðslu- og verkáætlun. Á móti fær Kópavogsbær lóðirnar Bakkabraut 4 og Bryggjuvör 2 en þar hafa HSSK verið með aðstöðu. Lóðin Bakkabraut 4 mun síðar skerðast með tilkomu Borgarlínu.

Virðingarfyllst,

Ásthildur Helgadóttir
Sviðsstjóri umhverfissviðs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026